



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 13. apríl 2018

Ákvörðun nr. 12/2018

Kaup Flugleiðahótela ehf. á Alda Hótel Reykjavík hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 28. febrúar 2018 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Flugleiðahótela ehf. (hér eftir Flugleiðahótel) á Alda Hótel Reykjavík hf. (hér eftir Alda). Með tilkynningunni fylgdi samrunaskrá sbr. reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum. Um er að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og viðauka II við reglur eftirlitsins nr. 684/2008. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 5. mars 2018 var samrunaaðilum tilkynnt um að samrunaskráin teldist fullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, sbr. framangreindar reglur Samkeppniseftirlitsins og að frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga hefðu byrjað að líða 1. mars sl.

Þann 8. mars sendi Samkeppniseftirlitið málið til umsagnar hjá helstu keppinautum samrunaaðila og gaf þeim færi á því að leggja fram sjónarmið um möguleg samkeppnisleg áhrif samrunans. Lagði enginn þeirra fram sjónarmið vegna málsins. Ýmis gögn og upplýsingar um samrunann liggja fyrir frá samrunaaðilum. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur þær upplýsingar skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið í ákvörðun þessari.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. fallist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í kaupsamningi kemur fram að Flugleiðahótel kaupi allt hlutfé í Öldu hóteli. Í samrunaskrá segir að Flugleiðahótel sé hluti af Icelandair Group hf. sem er ein stærsta fyrirtækjasamsteypa landsins, en velta hennar sl. ár var um 150 ma. króna. Fyrirtækið kemur að ferðaþjónustu með fjölbreyttum hætti en helsta dótturfélag samstæðunnar er Icelandair. Í samrunaskrá segir að Flugleiðahótel sé hótélkeðja sem sérhæfi sig í rekstri hótela bæði í Reykjavík sem og á landsbyggðinni. Þau hótél sem Flugleiðahótel reki á höfuðborgarsvæðinu séu:

- Canopy by Hilton Reykjavík City Centre
- Hilton Reykjavík Nordica
- Icelandair Hotel Reykjavík Marina
- Icelandair Hotel Reykjavík Natura



Þá kemur enn fremur fram að bætast muni við tvö hótél í starfsemi félagsins á næstu mánuðum og árum annars vegar Curio by Hilton Hótel í Hafnarstræti og hins vegar hótél á Landssímareitnum. Í samrunaskrá segir að Alda Hótel reki hótél að Laugavegi 66-68 í Reykjavík og segir að starfsemi fyrirtækisins takmarkist við rekstur þessa eina hótels.

2.1 Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar líti svo á að skörun í starfsemi þeirra sé fyrst og fremst á markaði fyrir hótélstarfsemi í Reykjavík. Þá kemur fram í samrunaskránni að sá markaður þar sem áhrifa muni fyrst og fremst gæta á í tengslum við þennan samruna sé markaðurinn fyrir útleigu gistirýmis á höfuðborgarsvæðinu. Að mati samrunaaðila er ekki staðganga á milli útleigu gistirýmis á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og á landsbyggðinni hins vegar. Sá vöru- og þjónustumarkaður þar sem áhrifa mun gæta vegna samrunans er því útleiga gistirýmis en hinn landfræðilegi markaður er höfuðborgarsvæðið.

Í samrunaskrá er einnig umfjöllun um það hvort að útleiga á íbúðarhúsnæði í skammtímaleigu teljist hluti hins skilgreinda markaðar. Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar telji að slík gistirými séu í beinni samkeppni við hótél enda fari sala gistingar fyrst og fremst fram í gegnum veraldarvefinn og að þeirra mati líti flestir neytenda svo á að slíkir gistimöguleikar séu staðgönguvara gagnvart hótélherbergjum.

Í skránni er að finna umfjöllun um áætlaða heildarstærð markaðarins og áætlaða hlutdeild samrunaaðila á þeim markaði. En þar segir að upplýsingar um heildarstærð markaðarins muni ávallt byggja á áætlunum fremur en nákvæmum útreikningum þar sem um mjög virkan markað sé að ræða sem fari ört vaxandi og sé mjög breytilegur eftir árstíðum og efnahagsaðstæðum hverju sinni. Þá telja samrunaaðilar að jafnframt sé fjöldi ólöglegra gistirýma til staðar hér á landi sem hafi ekki rétt vægi í opinberum gögnum.

Í umfjöllun samrunaaðila er vísað til upplýsinga frá Hagstofu Íslands en segir að heildarfjöldi gistinátta á hótélum hér á landi hafi verið 3,9 milljónir árið 2016. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2017 nemi fjöldi gistinátta á hótélum 4,3 milljónum. Sé einungis miðað við höfuðborgarsvæðið nemi fjöldi gistinátta 2,4 milljónum árið 2016 og 2,6 milljónum árið 2017. Þá segir að heildarfjöldi gistinátta í öllum tegundum gistaða á landinu öllu hafi numið 7,8 milljónum árið 2017 og 6,5 milljónum árið 2016.

Þá segir að fjöldi hótela á landinu öllu hafi verið 133 og að fjöldi herbergja í þeim hafi verið 9.135 herbergi. Fjöldi rúma hafi verið 18.899. Sé einungis miðað við höfuðborgarsvæðið hafi fjöldi hótela verið 54, fjöldi herbergja 4.987 og fjöldi rúma 10.389.

Þá er að finna umfjöllun um umsvif samrunaaðila á höfuðborgarsvæðinu en þar segir að hlutdeild þeirra miðað við heildarfjölda hótélherberja sé samanlagt um 17%, sé miðað við gistinætur samkvæmt Hagstofu er hlutdeildin hins vegar 12%. Halda samrunaaðilar því fram að þessi munur liggja í heimagistingum.



Samkeppniseftirlitið gerir í þessu máli ekki athugasemdir við skilgreiningu samrunaaðila á landfræðilegum markaði málsins, þ.e. að hann afmarkist við höfuðborgarsvæðið. Hvað varðar þjónustumarkað málsins halda samrunaaðilar því fram að markaður þessa máls telji alla gistingu, þ.e. hvort sem hún á sér stað á hótélum, gistiheimilum eða sk. heimagistingu. Ekki er hægt að taka undir þá markaðsskilgreiningu án frekari rökstuðnings. Á hinn bóginn telur Samkeppniseftirlitið telur ekki nauðsynlegt fyrir niðurstöðu þessa máls að ráðast í nákvæma rannsókn á afmörkun markaðarins. Telur Samkeppniseftirlitið rétt í máli þessu að líta til markaðar fyrir hótलगistingu, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 8/2018 *Kaup S&K eignarhaldsfélags ehf. á Höfðabrekku ehf.* Rök kunna enn fremur að standa til þess að greina skuli markaðinn nánar niður t.d. eftir þjónustustigi svo dæmi séu tekin.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.

Að virtum gögnum málsins er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Flugleiðahótela ehf. á öllum hlutabréfum í Alda Hótel Reykjavík hf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson